


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Námsver (NVER1NS01) Námsáætlun haustönn 2019	

Kennari	Anna Berglind Pálmadóttir Hilmar Friðjónsson Svanlaugur Jónasson	Sk.st.	ABP HIF SVJ
----------------	--	---------------	-------------------

Áfangalýsing:

Þessi áfangi er sérstaklega hugsaður fyrir þá nemendur sem skilgreindir hafa verið með ákveðna námsörðugleika en einnig þá nemendur sem einhverra hluta vegna náðu ekki lágmarksárangri á grunnskólaprófi.

Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta styrkleika nemenda og ná árangri í námi. Sjálfsmynd nemenda er markvisst styrkt með æfingum og þjálfun í þeim atriðum sem þeir eiga í erfiðleikum með í námi sínu.

Nemendur fá tækifæri til að upplýsa kennara um það hvað það er sem þeir telja helst valda þeim vandræðum í námi. Hugmyndir til úrlausnar eru lagðar fram og þeim fylgt eftir í umræðum, verkefnum og sjálfsmati. Nemendur eru studdir í því að tileinka sér öguð vinnubrögð og að skipuleggja nám sitt.

Mikil áhersla er lögð á það að nemendur taki ábyrgð á sjálfum sér sem námsmenn og nái að nýta sér þá hæfileika sem þeir búa yfir.

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:


- námskröfum skólans
- aðferðum til að skipuleggja tíma og nám
- árangursríkum námsaðferðum
- leiðum til að efla sjálfsmynd og eiga góð samskipti við aðra

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta tíma sinn vel og nota námsaðferðir sem skila árangri
- setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur
- eiga góð samskipti við aðra

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- efla styrkleika sína í námi
- vinna sjálfstætt

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Námsver (NVER1NS01) Námsáætlun haustönn 2019	

Námsgögn:

Ekki er notast við sérstaka kennslubók í áfanganum en nemendur verða að eiga þær námsbækur og gögn sem þeir eru að nota í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í. Ýmis verkefni og gögn frá kennurum.

Áætlun um yfirferð:

Þar sem áfanginn byggist að mestu leyti á efni og námsáætlunum annarra grunnáfanga í kjarnagreinum (íslenska, stærðfræði og enska) ræður verkefnaálag þar. Fylgt verður kennsluáætlun viðkomandi áfanga og er nemendum leiðbeint eins og þurfa þykir. Nemendur vinna að þeim verkefnum sem fylgja kjarnagreinunum en einnig verða unnin ólík verkefni sem miða að því að auka og dýpka skilning á viðkomandi efni sem og að festa betur í minni með endurtekningu.

Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega. Í lok annarinnar verður frammistaða nemenda metin og fá í kjölfarið annaðhvort staðið (S) eða fall (F). Við mat verða eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Virkni	Ástundun og virkni í tímum metin samkv. matsblaði.		50%
Ábyrgð og markmið	Ábyrgð á eigin námi og verkefnum. Markmiðssetning.		10%
Hópverkefni	Hópverkefni unnið í tíma.		15%
Lokaskýrsla	Skil á skýrslu um áfangann.		15%
Sjálfsmat	Mat nemenda á frammistöðu sinni á önninni.		10%
	Samtals:		100%

Nemendur athugi að tímar falla ekki niður þó einhverjir kennara námsversins séu fjarverandi.

Dagsetning: 20. ágúst 2019

Auna B. Palmadóttir

Undirritun kennara

Yris Ragnarsdóttir

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils